



# Í BYRJUN MÁNAÐAR

FRÉTTABRÉF ALMENNUNN VERKFRÆÐISTOFUNNAR

FEBRÚAR 2006



Asparfell 2-12 - Viðhald utanhúss

Almenna verkfræðistofan hf. hefur haft veg og vanda að hönnun og undirbúningi viðhalds á sameign Asparfells 2-12 að utan. Verkefnið er með því stærsta sem boðið hefur verið út á vegum húsfélags á landinu, enda er um að ræða stærsta húsfélag landsins, með 192 íbúðir og yfir 500 íbúa.

Á húsfundi sem haldinn var 1. febrúar var samþykkt að taka tilboði Verkvíkur ehf. í verkið og er gert ráð fyrir að verkið hefjist 1. mars næstkomandi. Verkefnið er afar umfangsmikið, en gert er ráð fyrir að klæða húsið að utan með álklaðningu, samtals um 9000 fermetra, endurnýja 350 glugga ásamt viðgerðum og málun á öðrum gluggum og viðgerðum á steiptum svölum hússins, svo fátt eitt sé nefnt. Er heildarkostnaður við verkið um 400 milljónir króna. Almenna verkfræðistofan mun sjá um eftirlit með verkinu sem ráðgert er að ljúka í desember á þessu ári.

## Íþróttamiðstöð við Lækjarhlíð í Mosfellsbæ



Unnið er við framkvæmdir við byggingu íþróttamiðstöðvar við Lækjarhlíð í Mosfellsbæ. Verktaki er Istak hf, sem reisir bygginguna fyrir fjármögnunar-fyrirtækið Nýsi og Mosfellsbæ. Nýsir hefur gert samning við Mosfellsbæ um rekstur íþróttamiðstöðvarinnar næstu 30 árin. Íþróttamiðstöðin samanstendur af íþróttasal, 33x18 m<sup>2</sup>, 16.7 m innilaug með lyftanlegum botni, búninga- og aðstöðu, nuddstofu og eimbaði, heilsuræktar- aðstöðu og útisundlaugasvæði. Á útilaugarsvæði er 25 m laug, lendingarlaug fyrir þrjár rennibrautir, barnalaug, nuddpottur og tveir aðrir heitir pottar.

Almenna verkfræðistofan sér um alla lagnahönnun fyrir íþróttamiðstöðina. Arkitektar eru Funkis ehf.

Framkvæmdir hófust vorið 2005 og ráðgert er að opna fyrsta áfanga í maí 2006, innilaugina í ágúst 2006 og útisvæðið í júní 2006.

## Ný viðlega við Skarfabakka í Sundahöfn



Unnið hefur verið við gerð nýrra hafnarmannvirkja við Skarfaklett í Sundahöfn undanfarin ár. Verkið nær til landfyllinga, feringa, varnargarðs og viðlegu frá því árið 2002 og hafa nokkur útboðsverk verið í gangi á svæðinu allan þennan tíma. Meðal þess sem unnið hefur verið við á svæðinu er gerð brimvarnargarðs, Skarfagarður, landfyllingar, feringar til að kalla fram sig á svæðinu vegna mannvirkja sem koma munu á svæðið, ný viðlega, Skarfabakki og dýpkun Sundahafnar vegna þessara framkvæmda.

Almenna verkfræðistofan er aðalráðgjafi Faxaflóahafna sf. vegna þessara framkvæmda og er sú ráðgjöf m.a. á sviði rannsókna, jarðtækni, burðarþols, fráveitu- og vatnslagna, gerð útboðsgagna, kostnaðargreininga og nú síðast umsjón með ýmsum framkvæmdum á svæðinu.

Unnið er nú við gerð nýrrar viðlegu, feringa fyrir byggingarreiti, yfirborðsfrágang gatna og bílastæða við aðkomuna að hafnarbakkanum, lagningu fráveitu-, vatnsveitu- og rafmagnslagna á svæðinu og undirbúning að yfirborðsfrágangi hafnarbakkans en athfnasvæði hans er 40m breidd svæði frá viðlegunni. Hluti hafnarbakkans verður tekinn í notkun í maí 2006, en áætlað er að fyrstu skemmtiferðarskipin leggist að honum í byrjun júní. Áætlað er að allur bakkinn verði kominn í fulla notkun í ágúst-september 2006.

## Nýir starfsmenn

### Marija Boskovic

er með M.sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún hóf störf á Byggingasviði í janúar sl. Marija mun starfa m.a. við burðarþolshönnun mannvirkja og fl.




### Marina Forafonova



er með M.Sc. í byggingarverkfræði frá háskólanum í Volgograd, Rússlandi. Hún hóf störf á Véla- og rafmagns- sviði í janúar sl. og mun starfa við hönnun veitukerfa.

### Hermann Arngrímsson

er nemi í orku- tæknifræði við Háskólann í Reykjavík. Hermann hóf störf við lokaverkefni sitt á Véla- og rafmagns sviði í janúar sl.



### Maik Lube



er með Dipl.Ing. í byggingarverkfræði frá Háskólanum í Neubrandenburg, Þýskalandi. Hann hóf störf á Byggingasviði 1. jan sl. Hann mun starfa að ýmsum verkefnum.

## Nýtt útlit á www.almenna.is



Nýtt útlit er komið á vefinn okkar á slóðinni www.almenna.is, en AV keypti vefumsjónarkerfið Conman frá fyrirtækinu Dacoda í Reykjanesbæ.

Vefumsjónarkerfið er afar einfalt í notkun og gerir uppfærslur á vefnum auðveldari í framtíðinni.

Samhliða nýjum vef fór í loftið innranet stofunnar en markmið þess er að bæta upplýsingaflæði innan fyrirtækisins. Innranetið auðveldar alla upplýsingamiðlun hvað varðar fræðslu- og kynningarstarf og er jafnframt vettvangur samskipta starfsmanna, t.d. vegna félagsstarfs.